

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	3/9 2014
Málsnr.:	1409081
Bréfal:	7533



Bæjarráð Hafnarfjarðar
 B.t. Rósu Guðbjartsdóttur formanns
 Strandgötu 6
 220 Hafnarfjörður

Golfklúbburinn Keilir

Hafnarfirði 2. september, 2014

Fyrir hönd stjórnar Golfklúbbsins Keilis óskum við undirritaðir eftir viðræðum við Hafnarfjarðarbæ um aðkomu sveitarfélagsins að breytingum á Hvaleyrarhluta golfvallar félagsins.

Golfklúbburinn Keilir státar af einum skemmtilegasta golfvelli landsins - að hluta. Hraunhlutinn, sem opnaður var árið 1997, vekur jafnan mikla athygli og hefur mikil aðráttarafl fyrir golfara alls staðar að af landinu og hafa erlendir golfarar ekki síður hrifist af þessu magnaða umhverfi.

Hins vegar hefur Hvaleyrarhluti vallarins setið á hakanum og nú er svo komið að Keilisvöllur hentar ekki til keppnishalds á evrópskan mælikvarða þar sem hann stenst ekki lengdarkröfur. Því þarf að kippa í liðinn sem fyrst.


Lengi hefur staðið til að breyta þessum hluta þannig að völlurinn standist lágmarksþörfur og væntingar sem gerðar eru til golfvalla þar sem sterkustu áhugagolfarar heims mæta til leiks. Teljist völlurinn tækur til slíkra móta er engum vafa undirorpíð að hann mun hafa mikil aðráttarafl og verða frábær kynning fyrir Hafnarfjörð og landið allt. Þá eru ótalín þau miklu áhrif sem það hefur á unga sem eldri golfara þegar íþróttamenn á heimsmælikvarða sýna listir sínar á heimavelli þeirra.

Eins og fram kom á félagsfundu hjá Keili síðastliðið vor, sem margir fulltrúar stjórnálflokkar í Hafnarfirði sóttu, hefur verið unnin veigamikil skýrsla um Keilisvöll af hinum heimsþekktu golfvallahönnuði Tom Mackenzie. Þar eru lagðar til breytingar á seinni níu holunum, þ.e. Hvaleyrarhlutanum, sem mynda grundvöllinn að tillögum okkar að nauðsynlegum aðgerðum.

Það er einlæg von okkar að Hafnarfjarðarbær taki erindi okkar vel og að viðræður geti hafist sem fyrr enda stendur metnaður Keilisfólks til þess að geta boðið upp á krefjandi keppnisvöll og tekið á móti sterkustu áhugamönnum heimsins hverju sinni. Um leið teljum við óumdeilanlegt að umgiðröf af því tagi auki líkurnar á og flyti fyrir því að við Hafnfirðingar eignumst keppendur á efsta stigi íþróttarinnar.

Virðingarfyllst
 f.h. Golfklúbbsins Keilis


 Arnar Borgar Átlason, form.


 Ólafur Þór Ágústsson, frkvstj.

> > >
 > > >